



## SKOTÍÞRÓTTASAMBAND ÍSLANDS ICELANDIC SHOOTING SPORTS FEDERATION

### 45. Þing Skotíþróttasambands Íslands, þinggerð.

Þingið er haldið í ÍSí, í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, 22. apríl 2023.

- **Þingsetning.**

Halldór Axelsson, formaður Stí, setur þingið og býður þingfulltrúa velkomna.

- **Kosning 3ja aðila í kjörbréfanefnd.**

Kosnir eru, Sigfús Tryggvi Blumenstein, Bjarni Sigurðsson og Arnbergur Þorvaldsson.

- **Kosning þingforseta og ritara.**

Þingforseti er kosinn, Jón S. Ólason

Þingritari er kosinn, Kjartan Friðriksson

- **Kosið í starfsnefndir þingsins.**

a) Fjárhagsnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason

Ómar Örn Jónsson

Jón B. Kristjánsson

b) Laganefnd:

Arnbergur Þorvaldsson

Óskar Arnórsson

Sigurður Ingi Jónsson

c) Allsherjarnefnd:

Halldór Axelsson

Jón S. Ólason

Magnús Ragnarsson

- **Skotþing 2023 - Skýrsla stjórnar**

Halldór Axelsson flytur skýrslu stjórnar.

Ágætu þingfulltrúar.

Skotþing er nú haldið í kjölfar mikilla breytinga hjá okkar stærsta aðildarsambandi ISSF. Breytingar á móta og keppnisreglum liggja fyrir eða eru hafnar og nýjar áherslur í fræðslumálum eru loks að skýrast.

Vegna fyrst kóróna faraldurs og síðar óvissu með framtíð fræðslumála hjá ISSF hafa ekki verið haldin námskeið fyrir dómara og þjálfara um langt skeið.

Er ljóst að við þurfum að gera gangskör í þessum málum og höfum við hafið undirbúning á okkar eigin skipulagi í dómara og þjálfunar menntun fyrir allar skotgreinar innan okkar vébanda og munu sú vinna verða kynnt hér síðar á þingi.

Höfum við fylgst vel með breyttum áherslum og reglubreytingum ISSF og munum við kynna þessa þætti betur á heimasíðu sambandsins við staðfestingu.

Innan FITASC hafa ekki orðið merkjanlegar breytingar en er ljóst að við þurfum að efla samskiptin við sambandið og afla okkur betri þekkingar í tengslum við mótahald, dómgæslu og þjálfun.

Málefni Bench Rest héraðs hafa verið yfirfarin af stjórn og teljum við mikilvægt að finna íþróttinni farsælan farveg í samráði við aðildarfélag og iðkendur. Við munum kynna okkar hugmyndir og óska eftir samráði á næstunni.

Aðstoðumál okkar sambandsaðila og uppbygging skotíþróttavalla er enn stórt vandamál sem að háir iðkun okkar íþróttar, sérstaklega útigreina.

Takmarkað landrými bæjarfélaga sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og strangari reglur í mengunarmálum eru einn þáttur í þessari vegferð, en einnig á skilnings og þekkingarleysi á okkar íþróttum stóran þátt.

Með samstarfi við aðildarfélag og viðkomandi bæjarfélag getur sambandið aðstoðað og hvetjum við aðildarfélag að leita til okkar með þessu málefni.

Alþjóðlegt samstarf á liðnu ári hefur verið þó nokkuð, sérstaklega í gegnum NSR sem að hefur sent fjölda tillagna og áskorana til nýrrar stjórnar ISSF vegna breytinga á regluverki sambandssins. STÍ hefur sent fulltrúa á aðalfundi okkar stærstu regnhlífarsamtaka og einnig setið nokkra netfundi á þeirra vegum.

Afreksstarf hefur gengið vel á liðnu tímabili og er alþjóðlegt mótahald að komast í eðlilegt horf eftir korona faraldurinn.

Eignuðumst við okkar fyrsta Norðurlandameistara í skotíþróttum í Kouvola í Finnlandi þegar að Hákon Þór Svavarsson keppti til sigurs í skeet. Á sama móti vann karla landslið okkar í

skeet einnig til silfurverðlauna í liðakeppni. Síðar á árinu vann Hákon sér rétt til keppni á Evrópuleikunum með því að ná 11. Sæti á Evrópumeistaramótinu á Kýpur. Árangur Jóns Þórs Sigurðssonar í 300m riffli prone var einnig til fyrirmyndar á árinu og eru þessir tveir íþróttamenn styrktir af afrekssjóði ÍSÍ og verkefnasjóði STÍ.

Verður hér að neðan stiklað á helstu alþjóðlegu verkefnum sambandsins á liðnu ári.

Að lokum vil ég þakka aðildarfélögum samstarfið á liðnu ári.

F.h. Skotíþróttasambands Íslands  
Halldór Axelsson, formaður.

#### JANÚAR/FEBRÚAR:

Skotfimi á Alþjóðlegu Reykjavíkurlaikunum fór fram í Egilshöllinni í Grafarvogi.

#### MARS:

Evrópumeistaramótið í loftbyssugreinunum var haldið í Hamar í Noregi en áttum engan fulltrúa þar að þessu sinni.

Við sendum 3 keppendur á heimsbikarmótið í Nicosia á Kýpur dagana 9.-18.mars. Stefán Gísli Örlygsson varð í 75.sæti, Hákon Þ. Svavarsson í 88.sæti og Pétur T. Gunnarsson í 91.sæti en keppendur voru 103. Þeir kepptu einnig í liðakeppninni og urðu þar í 11.sæti af 13.liðum.

#### APRÍL:

Á heimsbikarmótið í Lonato á Ítalíu sendum við 2 keppendur dagana 22.-29.apríl. Þar varð Stefán Gísli Örlygsson í 70.sæti með 115 stig og Hákon Þ. Svavarsson í 79.sæti með 114 stig.

#### MAÍ:

Jón Þór Sigurðsson keppti á Evrópumótaröðinni í Uppsala í Svíþjóð 21.maí. Hann hafnaði í 7.sæti af 25 keppendum á fínu skori, 590 stig.

#### JÚNÍ:

Jón Þór Sigurðsson keppti á Evrópumótaröðinni í 300 metra riffli í Århus í Danmörku. Hann komst þar í úrslitakeppnina og endaði í 12.sæti af 34 keppendum.

Jón Valgeirsson varð í 146.sæti á Heimsmeistaramóti FITASC í haglabyssugreininn Compak Sporting sem haldið var á Spáni 16.-19.júní. Keppendur voru alls 335.

#### JÚLÍ:

Jón Þór Sigurðsson keppti á Evrópumeistaramótinu í 300 metra riffli í Zagreb í Króatíu 25.-30.júlí. Hann hafnaði í 28.sæti af 31.

#### ÁGÚST:

Norðurlandameistaramótið var haldið í Kouvola í Finnlandi 1.-8.ágúst. Við sendum þangað 14 manna hóp þar af 11 keppendur. Fararstjóri var Ómar Örn Jónsson stjórnarmaður í STÍ.

Hákon Þ. Svavarsson varð Norðurlandameistari í Skeet, Stefán G. Örlygsson varð í 10.sæti og Jakob Þ. Leifsson í því ellefta. Þeir tóku svo silfrið í liðakeppninni eftir tvísýna keppni við Finna. Daníel Logi Hreiðarsson keppti í unglingsaflokki og hafnaði þar í 9.sæti. Í

kvennakeppninni í skeet varð María R. Arnfinnsdóttir í 4.sæti, Helga Jóhannsdóttir í því fimmta og Dagný H. Hinriksdóttir varð í 6.sæti. Ívar Ragnarsson keppti í nokkrum greinum, í Loftskammbýssu varð hann í 10.sæti, í Staðlaðri skammbýssu í 16.sæti og í Grófri skammbýssu í 13.sæti. Jón Þór Sigurðsson keppti einnig í nokkrum greinum, í Grófri skammbýssu endaði hann í 12.sæti, í 15.sæti í Staðlaðri skammbýssu og í 50 metra liggjandi riffli í 8.sæti. Guðmundur Helgi Christensen keppti í 50 metra riffli og varð í 18.sæti. Jórunn Harðardóttir keppti í 50 metra riffli og varð í 19.sæti.

#### SEPTEMBER:

Evrópumeistaramót ISSF í haglabýssugreinunum var haldið í Larnaca á Kýpur 4.-

12.september. Þangað sendum við þrjá keppendur. Hákon Þ. Svavarsson náði þar frábærum árangri og tryggði sig inná Evrópuleikana í Krakow á næsta ári. Hann hafnaði í 13.sæti með 120 stig, aðeins einu stigi frá átta manna úrslitum. Stefán G. Örlygsson varð í 64.sæti með 108 stig og Pétur T. Gunnarsson í 70.sæti með 106 stig. Keppendur voru 78 talsins. Þeir kepptu svo líka í liðakeppninni og höfnuðu þar í 14.sæti af 16 liðum.

Evrópumeistaramótið í 50 metra riffilgreinunum fór fram í Wroclaw í Póllandi dagana 13.-16.september. Jón Þór Sigurðsson keppti þar í 50 metra liggjandi riffli og lenti hann í 43.sæti af 61 keppanda.

Heimsmeistaramót WBSF í BR50 riffilskotfimi, þar sem skotið er af borði á 50 metra færi, fór fram í Volmerange í Frakklandi. Þangað fóru 6 keppendur. Davíð Gígja varð í 55.sæti, Rósa Millan í 62.sæti, Kristján Arnarson í 82., Egill Þ. Ragnarsson í 86., Jón Ingi Kristjánsson í 96. og Kristberg Jónsson í 99.

#### OKTÓBER-DESEMBER:

Jón Þór Sigurðsson keppti á Heimsmeistaramótinu í 300 metra riffli í Caíró í Egyptalandi 23.-27.október. Hann endaði í 17.sæti með 594 stig sem er aðeins einu stigi frá Íslandsmeti hans. Keppendur voru 36 talsins.

Heimsmeistaramótið í haglabýssugreinum fór fram í Osijek í Króatíu 4.-12.október. Hákon Þ. Svavarsson lenti í 56.sæti með 117 stig, Stefán G. Örlygsson varð í 94.sæti með 111 stig en Pétur T. Gunnarsson dró sig úr keppni. Þeir tóku svo einnig þátt í liðakeppninni og höfnuðu þar í 20.sæti af 22 liðum.

Evrópumeistaramót EBSF í „Bench Rest“ þar sem skotið er með miðkveiktum rifflum á 100 og 200 metra færi. Jóhannes Frank Jóhannesson keppti fyrir Ísland og endaði hann í 15.sæti af 79 keppendum.

- **Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga til samþykktar.**

Fram kemur í máli gjaldkera að staða Stí hefur aldrei verið betri. Skuldir eru engar og sambandið kemur til með að ráða vel við þau verkefni sem framundan eru.

- **Reikningarnir eru samþykktir samhljóða.**

## Fjárhagsáætlun stjórnar 2023 Þingskjal 13

GJÖLD:	<u>Krónur</u>
Þjálfun, kennsla, námskeið ofl.	8.000.000
Skrifstofukostnaður	4.900.000
Afrekssvið, ráðgjöf ofl.	4.000.000
Æfingabúðir landsliða	1.000.000
Þátttaka í erlendum mótum	9.500.000
Annað ófyrirséð	4.600.000
Alls	32.000.000
TEKJUR:	
Lottó	8.000.000
Útbreiðslustyrkur	3.239.000
Ríkisstyrkur skrifstofu	3.105.000
Afrekssjóður ÍSÍ - Landsliðsverkefni	11.550.000
Ólympíusamhjálpin	1.200.000
Aðrar tekjur	4.906.000
Alls:	32.000.000
TEKJUAFGANGUR	0

- **Fjárhagsáætlunin er samþykkt samhljóða.**
- **Kolbrún Hrund Sigurðardóttir, fulltrúi Ólympíu- og íþróttasambands Íslands ávarpar þingheim.**

Kolbrún flytur þingheimi kveðjur Lárusar Blöndal forseta ÍSÍ og framkvæmdarstjórnar. Hún fer yfir störf ÍSÍ og að þangað getur Stí leita aðstoðar ef þarf. Hún hvetur Stí til að taka vel á móti þeim sem ekki tala mál okkar og hjálpa þeim. Hún segir erfitt að fá sjálboðaliða til stafa við íþróttir. Þá minnir hún á Lottó og Íslenska Getspá. Að lokum óskar hún þingheimi velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.

- **Þingskjöl :**

#### Ályktun 1

##### ÞINGSKJAL NR. 1

Skattur á aðildarfélög STÍ 1.000 kr á hvern aðildarfélaga

*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að STÍ skuli taka upp skatt eins og tíðkast hjá mörgum sérsamböndum. Lagt er til að skattur verði kr. 1000 á hvern félagsmann og þær tekjur sem STÍ fær úthlutað skuli ráðstafað eftir nánari útfærslu STÍ í þágu aðildarfélagana. Tekur þetta gildi næsta starfsár*  
*Verði þessi ályktun samþykkt falla úr gildi tillögur sem á eftir koma um sama efni með lægri upphæðum.*

#### Greinargerð:

*Lagt er til að tekjustofn STÍ af aðildarfélögum og félagsmönnum þess sé ekki einvörðungis tekin af virkustu iðkendunum, keppnisfólkinu í gegnum mótagjöld. Í dag eru mótagjöld eini tekjustofn sem STÍ fær beint frá aðildarfélögum, sem þó er aðeins beint úr vasa okkar virkustu iðkenda. Ekki er óeðlilegt að innheimta mótagjöld en hvetur þingið til þess að mótagjöld verði ekki hækkuð meir. Þessum tekjustofni verði ráðstafað í ákveðin verkefni í þágu aðildarfélagana.*

*Útreiknaðar tekjur miðað við fjölda aðildarfélaga 2022 ættu að vera:  
5.988 iðkendur = 5.988.000 isk*

- Ályktun frá: Magnús Ragnarsson

#### Ályktun 2

##### ÞINGSKJAL NR. 2

Skattur á aðildarfélög STÍ 500 kr. Á hvern aðildarfélaga

*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að STÍ skuli taka upp skatt eins og tíðkast hjá mörgum sérsamböndum. Lagt er til að skattur verði kr. 500 á hvern félagsmann og þær tekjur sem STÍ fær úthlutað skuli ráðstafað eftir nánari útfærslu STÍ í þágu aðildarfélagana. Tekur þetta gildi næsta starfsári*  
*Verði þessi ályktun samþykkt falla úr gildi tillögur sem á eftir koma um sama efni með lægri upphæðum.*

#### Greinargerð:

*Lagt er til að tekjustofn STÍ af aðildarfélögum og félagsmönnum þess sé ekki einvörðungis tekin af virkustu iðkendunum, keppnisfólkinu í gegnum mótagjöld. Í dag eru mótagjöld eini tekjustofn sem STÍ fær beint frá aðildarfélögum, sem þó er aðeins beint úr vasa okkar virkustu iðkenda. Ekki er óeðlilegt að innheimta mótagjöld en hvetur þingið til þess að mótagjöld verði ekki hækkuð meir. Þessum tekjustofni verði ráðstafað í ákveðin verkefni í þágu aðildarfélagana.*

*Útreiknaðar tekjur miðað við fjölda aðildarfélaga 2022 ættu að vera:  
5.988 iðkendur = 2.994.000 isk*

- **Tillagan er felld**

Ályktun 3  
PINGSKJAL NR. 3

Skattur á aðildarfélag STÍ 250 kr á hvern aðildarfélagar  
*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að STÍ skuli taka upp skatt eins og tíðkast hjá mörgum sérsamböndum. Lagt er til að skattur verði kr. 250 á hvern félagsmann og þær tekjur sem STÍ fær úthlutað skuli ráðstafað eftir nánari útfærslu STÍ í þágu aðildarfélagana. Tekur þetta gildi á næsta starfsári*

Greinargerð:

*Lagt er til að tekjustofn STÍ af aðildarfélagum og félagsmönnum þess sé ekki einvörðungis tekin af virkustu iðkendunum, keppnisfólkinu í gegnum mótagjöld. Í dag eru mótagjöld eini tekjustofn sem STÍ fær beint frá aðildarfélagum, sem þó er aðeins beint úr vasa okkar virkustu iðkenda. Ekki er óeðlilegt að innheimta mótagjöld en hvetur þingið til þess að mótagjöld verði ekki hækkuð meir. Þessum tekjustofni verði ráðstafað í ákveðin verkefni í þágu aðildarfélagana.*

*Útreiknaðar tekjur miðað við fjölda aðildarféлага 2022 ættu að vera:  
5.988 iðkendur = 1.497.000 isk*

- **Tillagan er felld**
- Ályktun frá: Magnús Ragnarsson

Ályktun 4  
PINGSKJAL NR. 4

Útdeiling tekna af skatti á aðildarfélag.  
*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 ályktar að útdeiling tekna af skatti á iðkendur aðildarféлага verði nýtt í þágu aðildarféлага og uppbyggingu á starfsemi þeirra að mestu eða öllu leyti.*

*Hafni þing ályktunum um skatt á iðkendur aðildarféлага fellur þessi ályktun úr gildi.*

Greinargerð:

*Verði ályktun um skatt á iðkendur aðildarféлага STÍ samþykkt þarf að tryggja að þeir fjármunir sem til koma séu nýttir í félögin sjálf sem greiða skattinn að stærstum hluta. Skilyrt er í hvaða verkefni greitt er út en félögin sækja um hjá STÍ. Félagin geta því fengið mestan hluta af skattinum endurgreiddan í formi styrks til uppbyggingarstarf.*

*Ein útfærsla gæti hljómað svona en þetta er tekið fram sem dæmi.*

*75% af tekjum fari í sjóð sem ráðstafað er úr með uppbyggingastyrkjum til aðildarféлага. Greitt er út til aðildarfélagana sem geta sótt um styrki fyrir eftirfarandi verkefni:*

*Þjálfaramenntun*

*Dómaramenntun*

*Uppbygging á aðstöðu til mótahalds og/eða þjálfunar.*

*Nýliðunarverkefni*

*Búnaðarkaup*

*25% Ráðstafað til útbreiðslu- og þróunarstarfs í þágu aðildarfélagana.*

*Hafni skotþing tillögum um skatt að iðkendur aðildarféлага fellur þessi tillaga úr gildi.*

- **Tillagan er felld**
- Ályktun frá: Magnús Ragnarsson

Ályktun 5

ÞINGSKJAL NR. 5

Birting fundargerða stjórnar og nefnda ásamt ársreikningum.

*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 samþykkir að fundargerðir stjórnar STÍ og allra nefnda STÍ verði birtar á heimasíðu sambandsins. Jafnframt verði ársreikningar STÍ birtir frá og með næsta þingi 2024.*

*Greinagerð:*

*Í samræmi við góða starfshætti telst eðlilegt að birta fundargerðir stjórnar og nefnda og tíðkast þetta hjá allflestur sérsamböndum og héraðssamböndum í íþróttahreyfingunni.*

*Teljast þetta vera góðir stjórnarhættir að aðildarfélag og félagsmenn hafi greiðan aðgang að ferli mála og starfi sambandsins. Ályktunin þarfnast ekki frekari útskýringar.*

Ályktun frá: Magnús Ragnarsson

- **Tillagan er samþykkt með meirihluta atkvæða**

Ályktun 6

ÞINGSKJAL NR. 6

Efling útbreiðslustarfs hjá STÍ.

*Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 samþykkir að STÍ efli vinnu við útbreiðslustarfs í þágu skotíþróttar. Verði því markmiði náð með því að nýta þá miðla sem virka hverju sinni eins og samfélagsmiðla, fjölmiðla og miðlun á eigin vef. Stjórn er falið að útfæra þetta frekar.*

*Greinagerð:*

*Skotíþróttir eiga undir högg að sækja úr öllum áttum vegna vanþekkingar á skotíþróttum. Ein leið til að berjast á móti því er að vera með jákvæða umfjöllun um skotíþróttir og á tímum samfélagsmiðla er auðvelt að vera með jákvætt útbreiðslustarf. Lítið hefur verið um auglýsingar eða útbreiðslu á starfi STÍ síðustu ár og eigum við marga góða íþróttamenn.*

*Mikið hefur vantað uppá að auglýsa árangur okkar besta afreksfólks í skotíþróttum og þarf að fara í markvissa vinnu til að skotíþróttir og afreksfólk í skotíþróttum fái sömu umfjöllun og fólk í öðrum íþróttagreinum fær.*

Ályktun frá: Magnús Ragnarsson



- **Tillagan er samþykkt**

Ályktun 7  
ÞINGSKJAL NR. 7

Efning uppbyggingar og þróunarstarfs aðildarféлага.  
Skotþing 2023 haldið í Laugardal 22.04.2023 samþykkir að STÍ efli vinnu við uppbyggingar og þróunarstarfs aðildarféлага. Verði því markmiði náð með ráðgjöf og vinnustofum. Stjórn er falið að útfæra þetta frekar.

Greinargerð:

*Aðildarfélag STÍ eiga að getað leitað til STÍ eftir aðstoð við stefnumótun, og aðstoð við að ná þeim markmiðum sem þau setja sér í stefnumótunarstarfi. Mikilvægt er að aðildarfélag STÍ hafi stuðning STÍ til þess að þróa sitt félag og efla íþróttastarf innan síns félags, ásamt stuðningi við að byggja upp sterkt grasrótastarf.*

Ályktun frá: Magnús Ragnarsson

- **Tillagan er samþykkt**

ÞINGSKJAL NR. 8

Breyting á 10.grein laga Skotíþróttasambands Íslands

Hún fjallar um störf Skotíþróttabings. Í lok hennar er þessari málsgrein breytt:

Var:

Ársskýrslu STÍ skal leggja fjölrítaða fyrir þingið.

Verður:

Ársskýrslu STÍ skal leggja fjölrítaða fyrir þingið eða gera aðgengilega á rafrænu formi.

Lagt fram af: Stjórn STÍ

- **Samþykkt samhljóða**

ÞINGSKJAL NR. 9  
Breyting á 15.grein laga Skotíþróttasambands Íslands

Var:

15. grein

Skotsérráðin ( héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar STÍ. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að móti lýkur. Ársskýrslur héraðssambanda um störf sérráða og nafnalista virkra félaga í umdæminu skal senda stjórn STÍ fyrir 1.ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur þeirra á skotíþróttapingi sbr. 6. gr.

Sé ofantöldum skilyrðum ekki framfylgt geta skotsérráðin ( héraðssamböndin) misst hlutgengi sitt til skotíþróttapings með úrskurði stjórnar STÍ.

#### Verður:

#### 15. grein

Skotsérráðin ( héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar STÍ. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að móti lýkur. Ársskýrslur héraðssambanda um störf sérráða og nafnalista virkra félaga í umdæminu skal senda stjórn STÍ fyrir 1.ágúst ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur þeirra á skotíþróttapingi sbr. 8. gr.

Sé ofantöldum skilyrðum ekki framfylgt geta skotsérráðin ( héraðssamböndin) misst hlutgengi sitt til skotíþróttapings með úrskurði stjórnar STÍ.

#### Skýring:

Hér eingöngu breyting vegna tilvísunar í ranga lagagrein.

Lagt fram af: Stjórn STÍ

- **Samþykkt Samhljóða**

SKOTÞING 2023

- **Tillaga til fjárhagsnefndar um keppnis og félagaskiptagjald STÍ 2023**

Tillaga frá stjórn STÍ um óbreytt gjöld frá fyrra ári og eru aðildarfélögin einnig hvött til að fella niður keppnisgjöld unglinga.

Tillaga frá stjórn:

Keppnisgjald kr. 2,000 fyrir hvern keppanda á STÍ mót

Félagaskiptagjald kr. 6,000

Stjórn STÍ 22.apríl 2023

- **Tillagan er samþykkt**

ÞINGSKJAL NR. 11

- Reglugerð um dómaramál STÍ ~~fyrir skotíþróttadómara og dómara nefnd~~
- Þingskjal 11 er til umræðu á þinginu.

Dómaranefnd

1. gr.

Dómaranefnd STÍ skal skipuð þremur einstaklingum og a.m.k. tveir þeirra þurfa að hafa landsdómararéttindi. Í nefndina skal kosið á þingi STÍ.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er.

að vera æðsti innlendi aðili um túlkun leikreglna STÍ og viðkomandi alþjóðasambanda.

að hafa yfirumsjón með málefnum skotíþróttadómara í landinu.

að hafa yfirumsjón með menntun skotíþróttadómara, útskrifa þá og halda skrá yfir dómara.

Bera ábyrgð á að dómara námskeið séu haldin reglulega ~~að halda dómara námskeið.~~

að vera sérfræðilegur ráðunautur stjórnar STÍ og annast verkefni varðandi leikreglur og dómara, er stjórn STÍ kann að fela henni.

Að veita ráðgjöf til aðildarfélaga vegna skotvalla eða mótahalds.

Að taka út skotvelli og tryggja að þeir séu löglegir í samræmi við reglur viðkomandi skotgreina, gefa út undanþágur uppfylli vellir ekki reglur eða banna notkun þeirra við mótahald.

Að meta hvort dómaraefni séu hæf til dómgæslu með tilliti til agareglna og siðareglna ÍSí. ~~og annarra þátta sem hún telur þörf á.~~

3. gr.

Nefndin starfar sjálfstætt og er ábyrg gagnvart stjórn STÍ. Nefndin skilar fundargerðum til stjórnar STÍ ~~Nefndin skal færa gerðar bók um störf sín.~~

Skotíþróttadómarar

4. gr.

Skotíþróttadómurum er skipt í stig eftir menntun og/eða reynslu í héraðsdómara, landsdómari 1, Landsdómari 2 og alþjóðlega dómara. ~~skal skipt eftir kunnáttu og reynslu í héraðs, lands og alþjóðlega dómara.~~

Hlutverk yfirdómara eru eftirfarandi:

Taka út skotvelli fyrir mót og ganga úr skugga um að hann sé löglegur fyrir mótahald samkvæmt reglum viðkomandi skotgreina.

Bera ábyrgð á að búnaðarskoðun sé framkvæmd á mótun eftir reglum viðkomandi greinar.

Tryggja að framkvæmd móts sé í samræmi við reglur.

Staðfesta úrslit móts að móti loknu og tryggja að mótaskýrsla sé rétt útfyllt og undirrituð.

Yfirdómari má ekki keppa í því móti sem hann dæmir í.

Hlutverk meðdómara eru eftirfarandi:

Aðstoða yfirdómara við dómgæslu

Koma upplýsingum til yfirdómara sem þurfa þykir.

Sinna nánara hlutverki eftir reglum viðkomandi greinar.

Héraðsdómarar:

5. gr.

Réttindi sem héraðsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af.

ÞINGSKJAL NR. 11 frh

~~dómaranefnd~~ STÍ, ~~í hverri einstakri grein~~. Til þess að ná réttindum sem héraðsdómari skal eftirtöldum atriðum fullnægt:

Dómaraefni skal hafa náð 18 ~~20~~ ára aldri.

Að vera félagi innan aðildarfélaga STÍ.

Dómaraefni skal sitja námskeið og standast próf sem lagt er fyrir á vegum STÍ

Héraðsdómari skal klára upprifjunarnámskeið á 4 ára fresti til að halda réttindum

6. gr.

Sá sem staðist hefur próf til héraðsdómara ~~í einstakri grein~~ hefur réttindi til að dæma á í innanfélagsmótum sem yfirdómari, á landsmótum sem meðdómari, vera í kviðdómi og taka að sér mótsstjórn á öllum mótum STÍ.

Landsdómari 1:

7. gr.

Réttindi sem landsdómari öðlast menn með prófi að afloknu námskeiði sem haldið er af ~~dómaranefnd~~-STÍ, í hverjum flokki fyrir sig, haglagreinum, riffilgreinum og

skammbysugreinum í greinum alþjóðaskotsambandsins (ISSF) en einnig í hverri einstakri grein annara íþróttasambanda eftir nánari ákvörðun dómaranefndar. ~~hverri einstakri grein~~.

Til þess að ná réttindum sem landsdómari skal eftirfarandi atriðum fullnægt.

Landsdómaraefni skal hafa ~~náð 25 ára aldri og hafa~~ reynslu í þeirri grein eða flokki sem hann dæmir í. ~~víðtæka reynslu í skotíþróttum~~

Skal ljúka námskeiði ásamt skriflegu og verklegu prófi til landsdómara.

Hafa lokið námskeiði á vegum lyfjaeftirlitsins (WADA)

Hafa dæmt á sem meðdómari eða aðaldómarar á a.m.k. 5 mótum sem flokkast sem STÍ mót.

Sá sem hefur staðist próf landsdómara í viðkomandi grein, hefur réttindi til að dæma í öllum innanlandsmótum í þeirri grein.

Landsdómari 1 getur sótt um að taka námskeið á vegum alþjóðasambands í viðkomandi grein sem hann hefur réttindi til að dæma í.

~~Æskilegt er að landsdómari keppi ekki í opinberum mótum né dæmi sem yfirdómari í mótum, sem hann keppir sjálfur í.~~

Landsdómari 2

8. gr.

Réttindi sem landsdómari tvö öðlast sá sem hefur lokið námskeiði á vegum alþjóðasambands til dómgæslu í viðkomandi grein eða flokki og hefur víðtæka reynslu af dómaramálum.

Landsdómari 2 þarf að viðhalda alþjóðlegum réttindum sínum samkvæmt reglum viðkomandi alþjóðasambands til að flokkast sem Landsdómari 2.

Landsdómari 2 hefur rétt til að dæma skrifleg og verkleg dómarapróf haldin af STÍ.

Alþjóða dómari

9. gr.

Alþjóðleg dómararéttindi hljóta dómarar skv. reglum viðkomandi alþjóðasambanda

Til þess að geta talist alþjóða dómari þarf eftirfarandi skilyrðum að vera fullnægt:

Vera Landsdómari

Vera tilnefndur af STÍ

Hafa staðist námskeið á vegum alþjóðasambands viðkomandi alþjóðasambands

~~Alþjóðleg ISSF-dómaranámskeið er enginn hæfur til að sitja, nema viðkomandi sé tilnefndur . og sé hæfur að mati dómaranefndar STÍ. ISSF-dómararéttindi taka yfir öll innlend réttindi til setu á ISSFnámskeiðunum.~~

ÞINGSKJAL NR. 11

Kviðdómur

10. gr.

Kviðdómur samanstendur af þremur aðilum sem úrskurða í málum sem komið getað upp.

Kviðdómur er áskilin í sumum skotgreinum. Enginn getur setið í kviðdóm nema hafa lokið héraðsdómara námskeiði. Þeir sem sitja í kviðdóm mega vera keppendur í mótum og skal tryggja að þeir sem sitja í kviðdóm séu ekki úr sama félagi eða a.m.k. ekki séu fleiri en tveir úr sama félagi.

Almennar reglur

11. gr.

Æskilegt er að Íþróttafélög innan STÍ hafi virka dómara innan sinna vébanda.

12. gr.

Þau íþróttafélög sem halda landsmót, skulu tilkynna einn landsdómara til starfa á mótinu.

Nafn dómara, heimilisfang og símanúmer skal fylgja tilkynningu.

13. gr.

Aðlögunartími þessara reglna er til 1. Júní 2025 en þá mega engir dæma á mótum nema uppfylla þessar reglur.

*Tillaga frá millipinganefnd um dómaramál en hana skipuðu  
Magnús Ragnarsson, Halldór Axelsson, Helga Jóhannsdóttir*

- **Tillagan er felld**

ÞINGSKJAL NR. 14

SKOTÞING 22.apríl 2023.

Tillaga fráfarandi stjórnar um nefndarmenn

Skoðunarmenn reikninga:

Sigfús Tryggvi Blumenstein, SR

Jónas Hafsteinsson, SFK

Varamenn:

Arnbergur Þorvaldsson, SR

Jónas Andrésón, SK

Mótanefnd:

Ómar Ö. Jónsson, SA

Jórunn Harðardóttir, SR

Jakob Þ. Leifsson, SFS

Varamenn:

Sigurður I. Jónsson, SFK

Elías M. Kristjánsson, SKA

Valur Richter, SÍ

Dómaranefnd:

Guðmundur Helgi Christensen, SR

Magnús Ragnarsson, SKS

Halldór Axelsson, SR

Varamenn:

Þórir Ingvarsson, SFK

Jón Þór Sigurðsson, SFK

Grétar M. Axelsson

Aganefnd:

Jón S. Ólason, SKA

Bjarni Sigurðsson, SK

Sigurgeir Arnþórsson, SR

Varamenn:

Arnbergur Þorvaldsson, SR

Helga Jóhannsdóttir, SÍH

Halldór Axelsson, SR

Ritnefnd:

Guðmundur Kr. Gíslason, SR

Ómar Ö. Jónsson, SA

Vignir J. Vignisson, SR

Varamenn:

Guðrún Hjaltalín, SKA

Kjartan Friðriksson, SR

Guðmann Jónasson, MAV

## ÞINGSKJAL NR.15

45. þing Skotíþróttasambands Íslands ályktar að skipuð verði millipinganefnd sem vinni þarfagreiningu vegna hugmynda um íslenska skotíþróttamiðstöð sem kynnt verði á næsta þingi.

Markmið þessa samstarfs verði uppbygging aðstöðu til skotíþróttaiðkunar þar sem vettvangur verði til löglegs, alþjóðlegs mótahalds í helstu greinum og aðstaða til samstarfs á sviði framþróunar félagsstarfs, nokkurs konar þjóðarleikvangur skotíþróttar og samstarfsvettvangur félaganna. Markmiðið er að öll skotíþróttafélög landsins geti haft þar afnot af til starfsemi og mótahalds og að þar verði landsvettvangur skotíþróttaiðkunar.

Stjórn STÍ skipar þrjá í millipinganefnd til að sinna málefnum.

Skal nefndin sjálf skipa með sér verkum og gefa skýrslu á 46. þingi Skotíþróttasambandsins. Nefndin skal upplýsa stjórn sambandsins um framgang verkefnisins milli þinga.

- Tillagan er samþykkt

Framboð til stjórnar STÍ - Starfsárið 2023-2024

Formaður í kjöri til 2ja ára:

Halldór Axelsson, SR

Í framboði um tvö sæti í aðalstjórn til 2ja ára:

Ómar Örn Jónsson, SA

Magnús Ragnarsson, SKS

Í framboði um 1 sæti í varastjórn til 2ja ára:

Sigurður Ingi Jónsson, SFK

Áfram situr Birna Sævarsdóttir SFS í varastjórn, í 1ár.

Áfram sitja í 1 ár:

Guðmundur Kristinn Gíslason, SR

Jórunn Harðardóttir, SR

Kristvin Ómar Jónsson, SKV, í varastjórn óskaði lausnar og því kosið um eitt sæti í varastjórn til 1 árs:

*Tilkynning um framboð ofangreindra barst stjórn STÍ innan tilskilins frests.*

- ***Ofangreindir aðilar eru sjálfkjörnir þar sem önnur framboð bárust ekki.***

Þingforseti, Jón S. Ólason, þakkar fyrir gott þing.

Halldór Axelsson, formaður Stí, þakkar fyrir gott þing og slítur þinginu.

---

Kjartan Friðriksson, Ritari.

---

Jón S. Ólason, Þingforseti.

